

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348
8. október 1976.**

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsg. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 600 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 7 200 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 362 14. júlí 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. ágúst 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra
berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.**

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 6 000,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 500,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 455 29. september 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. ágúst 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.